

L Ö G

17

12. febr.

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund krónur“ í lok 5. gr. laganna komi: 50 þúsund krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

18

12. febr.

um afnám laga nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 43 frá 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.